
Fyrirhuguð uppbygging við Geldingafell, Bláskógabyggð Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 22. júní 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita, f.h. Bláskógabyggðar, þar sem tilkynnt er um fyrirhugaða uppbyggingu við Geldingafell, Bláskógabyggð, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 12.05 í 1. viðauka laganna. Með erindinu fylgdi greinargerð.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Bláskógabyggðar, Fiskistofu, forsætisráðuneytisins, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Árbúðir og Geldingafell, Bláskógabyggð, maí 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Bláskógabyggð með tölvupósti dags. 3. júlí 2020,
- Fiskistofu með tölvupósti dags. 14. ágúst 2020,
- Forsætisráðuneytinu með bréfi þann 21. júlí 2020,
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti þann 30. júní 2020,
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi þann 16. júlí 2020,
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 15. júlí 2020,
- Umhverfisstofnun með bréfi þann 16. júlí 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 4. og 10. desember 2020.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að á undanförunum árum hafi ferðapjónustuaðilar byggt upp aðstöðu á skálasvæði við Geldingafell á Kili. Aðstaðan er mest nýtt vegna vélsleðaferða um Langjökul og ekki er boðið upp á gistingu miðað við núverandi aðstæður. Um er að ræða þrjár byggingar um 150 m² hver, sem notaðar eru til að geyma vélsleða og annan tækjabúnað. Einnig eru fjórar minni byggingar, 50-100 m², þar sem er aðstaða fyrir gesti og starfsfólk ásamt geymslum.

Fram kemur að núverandi áform feli í sér afmörkun tveggja lóða fyrir þjónustustarfsemi og sé heildar byggingamagn allt að 700 m² á hvorri lóð. Á hvoru svæðinu er fyrirhugað að byggja 5 hús og gert ráð fyrir gistingu fyrir allt að 50 gesti samtals, og verður boðið upp á bæði gistingu í uppþúnum rúmum og svefnpokapláss. Þá verður bæði boðið upp á veitingasölu og aðstöðu til eldunar auk aðstöðu fyrir tæki og búnað í tengslum við ferðir, m.a. á Langjökul.



Fram kemur að gert sé ráð fyrir að borað verði eftir vatni á staðnum, þar sem sameiginlegt vatnsból verði fyrir báðar lóðir. Áætlað er að vatnsnotkun á sólarhring verði um 14 m³, hámarksnotkun um 0,3 l/sek.

Við Geldingafell er frárennsli leitt í tvær rotþrær sem eru á staðnum. Gert er ráð fyrir að rotþró verði samnýtt fyrir mannvirki, eftir því sem við verður komið. Hugsanlegt er að ráðast þurfi í endurbætur á fráveitu, en frágangur og gerð rotþróa og frárennislagna verður í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Miðað við fyrirhugaða uppbyggingu við Geldingafell er áætlað að 10.000 l rotþró anni starfseminni.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdanna eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

Ásýnd

Fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila að fyrirhuguð mannvirki verði vel sýnileg en að gætt verði samræmis í útliti og litavali allra bygginga á staðnum. Mannvirki verða felld að landi eftir því sem kostur er og þess gætt að spilla ekki eða raska landi að óþörfu. Að framkvæmdum loknum verður land aðlagað að umhverfinu og fært í sem upprunalegast horf. Útlýsing verður lágstemmd og ljósi beint niður.

Umhverfisstofnun telur að uppbygging við Geldingafell muni ekki í grundvallaratriðum breyta ástandi svæðisins miðað við núverandi aðstæður. Stofnunin tekur undir að settir verði skilmálar fyrir uppbyggingu, útliti húsa og frágangi lóðar í deiliskipulagi fyrir svæðið til að draga úr sýnileika mannvirkja.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkennum lands eins og kostur er. Stofnunin bendir á að í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagsstefnu segir að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu.

Víðerni

Fram kemur í greinargerð að svæðið við Geldingafell sé við Skálpanesveg í um 700 m fjarlægð frá Kjalvegi og ekki sé um umfangsmikla framkvæmd að ræða. Framkvæmdaraðili telur að fyrirhuguð uppbygging komi því ekki til með að skerða óbygð víðerni.

Umhverfisstofnun bendir á að umferð vélsleða geti haft neikvæð áhrif á óbygð víðerni.

Gróður og vistgerðir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að við Geldingafell sé land lítt gróið og vistgerðir á svæðinu séu mela- og sandlendi, skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands og eru þær vistgerðir algengar á hálendi Íslands.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Samkvæmt Landsskipulagsstefnu 2015-2026 eru skálasvæði m.a. skilgreind sem svæði í góðu vegasambandi, þar sem gisting er í skálum og á tjaldsvæði og þar sem gert ráð fyrir ferðaþjónustu yfir sumarið og jafnframt möguleiki á einhverri starfrækslu yfir vetrartímann.

Geldingafell er skilgreint sem skálasvæði í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 og eru fyrirhugaðar framkvæmdir í samræmi við aðalskipulagið.



Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir Geldingafell en unnið er að gerð þess.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Bláskógabyggðar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og einnig ýmsum starfsleyfum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða uppbyggingu við Geldingafell innan Bláskógabyggðar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12.05 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða nokkuð umfangsmikla uppbyggingu ferðamannaáðstöðu sem samtals nær yfir allt að 2 ha svæði og gert ráð fyrir að reisa allt að 10 hús á tveimur svæðum og að byggingarmagn geti orðið allt að 1400 m². Svæðið er raskað að hluta vegna uppbyggingu fyrri ára, en rasksvæði mun stækka með fyrirhugaðri uppbyggingu. Framkvæmdaraðili mun leggja áherslu á vandaðan frágang og fella svæðið að landslagi.

Um langt skeið hefur verið við lýði stefna, sem nú er sett fram í Landsskipulagsstefnu 2015–2026, um að á miðhálandinu skuli öll uppbygging taka mið af sérstöðu hálandisins og að staðinn skuli vörður um náttúru og landslag miðhálandisins. Stefnan felur í sér að öll mannvirkjagerð á hálandinu taki mið af náttúruverndargildi og sérstöðu þess. Um ferðapjónustuuppbyggingu segir í landsskipulagsstefnu að gæta verði að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar. Jafnframt að uppbygging ferðamannaáðstöðu á miðhálandinu skuli takmörkuð og að ferðafólki um miðhálandið skuli standa til boða viðeigandi mannvirki og þjónusta, m.a. með tillit til álagsþols náttúrunnar.

Við núverandi aðstæður er ekki boðið upp á gistingu á svæðunum við Geldingafell og verður því um að ræða eðlisbreytingu á starfsemi þar sem gert er ráð fyrir gistirými fyrir allt að 50 gesti bæði í uppþúnum rúmum og í svefnpokaplássu auk þess sem gert er ráð fyrir veitingasölu á svæðinu. Þessi breyting kann að einhverju leyti að auka álag á svæðið en ljóst er að fyrirhuguð uppbygging mun koma til með breyta ásýnd svæðisins að einhverju leyti sem og raska vistgerðum, en þær vistgerðir eru ekki sérstaklega viðkvæmar og hafa ekki hátt verndargildi.

Skipulagsstofnun telur brýnt að áform framkvæmdaraðila varðandi frágang verði eins og lýst er í greinargerð til að hjálpa náttúrulegum gróðri úr nágrenninu að vaxa, auk þess sem leitast þarf við að lágmarka rask á þeim gróðri sem fyrir er.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar. Svo sem með tilliti til landslagsheilda, óbyggðra víðerna og hálandissvæða sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Núverandi mannvirki eru ekki umfangsmikil en um er að ræða viðkvæmt svæði m.t.t. ásýndaráhrifa á miðhálandinu í grennd við einn fjölfarnasta veg á miðhálandinu. Geldingafell er í 700 m fjarlægð frá Kjalvegi og er fyrirhuguð uppbygging ferðamannaáðstöðu það umfangsmikil að ný mannvirki verða áberandi í landslaginu og kunna að hafa áhrif á óbyggðaupplifun ferðamanna þar sem engin mannvirki eru á löngum köflum við Kjalveg á þessu svæði. Fyrirhuguð mannvirki við Geldingafell verða mjög sýnileg þeim sem eiga leið um Kjalveg þar sem svæðin standa talsvert hærra en vegstæði Kjalvegjar.



Óbyggð víðerni eru skilgreind í lögum um náttúruvernd sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum. Markmið Landsskipulagsstefnu 2015-2026 um skipulag á miðhálandi Íslands er m.a. að þess verði gætt að mannvirki og umferð um hálandið skerði víðerni og önnur sérkenni hálandisins sem minnst. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð uppbygging ferðamannaáðstöðu við Geldingafell kunni að hafa áhrif á víðernisupplifun ferðamanna þar sem ljóst er að um aukin umsvif og umferð verður að ræða.

Gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við uppbyggingu ferðapjónustu við Geldingafell felast fyrst og fremst í ásýndarbreytingum og raski í grennd við einn af aðalvegum á miðhálandinu auk þess sem þær kunna að skerða víðernis- eða óbyggðaupplifun ferðamanna. Að mati Skipulagsstofnunar verða áhrif framkvæmda varanleg en eru bundin við afmarkað svæði. Mögulegt er að draga úr ofangreindum áhrifum með því að viðhafa vandaða verktilhögun og frágang á svæðinu. Mikilvægt er að allar byggingar falli vel að umhverfi sínu bæði m.t.t. litavals og annars útlits og þarf að setja skilmála í deiliskipulag þar að lútandi sem og um frágang lóðar.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 18. janúar 2021.

Reykjavík, 15. desember 2020

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson